



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

## Erindisbréf Menningar- og æskulýðsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

### I. Kafli - Almenn ákvæði

#### 1. Grein - Um málefni nefndarinnar

Menningar- og æskulýðsnefnd er skipuð af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps og er henni ætlað að vinna að menningar og æskulýðsmálum í sveitarfélaginu. Nefndin skal starfa eftir erindisbréfi þessu sem sveitarstjórn hefur staðfest og almenningur skal hafa greiðan aðgang að, skv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og að öðru leyti eftir því sem lög og reglugerðir segja fyrir og sveitarstjórn felur henni.

#### 2. Grein – Um skipan nefndarinnar

Menningar- og æskulýðsnefnd er skipuð þremur aðalfulltrúum og jafnmörgum til vara. Sveitarstjórn skipar formann nefndarinnar en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

#### 3. Grein – Hlutverk nefndarinnar

Menningar- og æskulýðsnefnd er ráðgefandi nefnd sem gerir tillögur til sveitarstjórnar. Nefndin getur enga bindandi ákvörðun tekið nema með samþykki sveitarstjórnar, nema nefndinni hafi áður verið falin fullnaðarafgreiðsla einstakra mála.

#### 4. Grein - Markmið nefndarinnar

Markmið með starfi Menningar- og æskulýðsnefndar er að styrkja og efla þá málaflokka sem undir hana heyra fyrir íbúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Ennfremur skal nefndin leitast við að ná því grundvallar–markmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna séu fyrst og fremst í þágu allra íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni, að setja ávallt almenningshagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.

### II. Kafli - Verkefni

#### 5. grein - Um helstu verkefni

Meðal verkefni Menningar- og æskulýðsnefndar:

- Vinna að þeim menningar- og æskulýðsmálum sem sveitarstjórn felur nefndinni.
- Vera sveitarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn um erindi sem tilheyra menningar- og æskulýðsmálum.
- Fjalla um málefni er lúta að menningar og æskulýðsmálum þegar tilefni gefast til hverju sinni og gera tillögur til úrbóta eða breytinga í málaflokkunum eftir því sem nefndin telur ástæðu til.
- Fjalla um samstarfsverkefni við önnur sveitarfélög sem eru í gangi á hverjum tíma í tilheyrandi málaflokkum.
- Nefndin hefur með menningar- og æskulýðsmál að gera og er henni ætlað að fylgjast með þeim áætlunum sem sveitarstjórn kann að setja um þess háttar málefni.



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

### III. Kafli - Fundir og starfshættir

#### 6. grein - Boðun funda

Formaður nefndarinnar boðar til funda svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en tvisvar á ári og skal formaður stjórnna fundunum.

Boðað skal til funda ef einn eða fleiri nefndarmenn óska eftir því enda tilgreini þeir fundarefni. Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn, eða varamenn í forföllum þeirra, verið boðaðir með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara. Nefndarmönnum skal jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Starfsfólk skrifstofu sveitarfélagsins annast boðun funda nefndarinnar í samráði við nefndarformann. Komi upp þær aðstæður að mál þarfnist skjótrar úrlausnar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri, svo framarlega að enginn af nefndarmönnum andmæli því.

Nefndin hefur heimild til að boða á sinn fund starfsmenn sveitarfélagsins eða öðrum aðilum, telji hún að þess gerist þörf.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefndin hefur heimild til að boða á sinn fund starfsmenn sveitarfélagsins eða öðrum aðilum, telji hún að þess gerist þörf.

#### 7. grein - Réttindi og skyldur

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi Menningar- og æskulýðsnefndar, nema lögmæt forföll liggi fyrir.

Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál sem kunnu að verða rædd á fundum hennar. Þagnarskylda fellur ekki niður þó nefndarfulltrúi láti af stöfum sem slíkur.

Um réttindi og skyldur fer að öðru leyti samkvæmt IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 49. grein samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps nr. 415/2022.

Nefndarmönnum er skylt að starfa eftir siðareglum kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

#### 8. grein – Ályktunarhæfi

Menningar og æskulýðsnefnd getur ekki gert ályktun nema meirihluti hennar sitji fund.

Nefndarmaður getur ekki fjallað um mál er varða hann sjálfan eða nána venslamenn hans svo mjög að ætla megi að afstaða hans mótist að einhverju leyti þar af og skal hann í slíkum tilvikum víkja fyrir varamanni sbr. 47. og 48. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og II kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

#### 9. grein - Fundargerðir

Rita skal í rafræna fundargerð öll mál sem fjallað er um í Menningar- og æskulýðsnefnd og skulu allir viðstaddir rita nöfn sín undir prentað eintak fundargerðarinnar. Rita skal í fundargerðarbók dagsetningu fundar og fjölda blaðsíðna rafrænnar fundargerðar. Fundarmenn skulu rita nöfn sín í viðkomandi bók sem geymd er á tryggum stað.

Með fundargerð fer að öðru leyti samkvæmt 48. Grein sveitarstjórnarlaga og 33 grein samþykktar um stjórn og fundarskóp Skeiða- og Gnúpverjahrepps nr. 758 frá 2013.

Fundargerðarbók, afrit af skýrslum og skjölum, reglugerðir og erindisbréf Menningar- og æskulýðsnefndar skulu vera tiltæk á öruggum stað. Formaður skal sjá um að afrit af fundargerðum nefndarinnar séu send sveitarstjórn til kynningar og/eða til samþykktar að loknum hverjum fundi. Nefndarmenn eiga einnig rétt á að fá afrit af fundargerðum hennar. Sveitarstjórn sér til þess að fundargerðir nefndarinnar séu birtar á heimsíðu sveitarfélagsins.



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

## 10. grein - Meðferð mála

Menningar- og æskulýðsnefnd skal á fundum sínum taka fyrir þau erindi sem henni berast. Skal þar fjallað um þau og gera tillögur til afgreiðslu þeirra til sveitarstjórnar, nema sveitarstjórna hafi falið henni fullnaðarafgreiðslu málsins sbr. 3 grein þessa erindisbréfs. Þá skal formaður, strax að lokinni afgreiðslu, tilkynna málsaðilum niðurstöður málsins sé mál þannig vaxið.

## IV. Kafli - Hæfi, réttindi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna

### 11. grein - Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda, eftir því sem við á, ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps 415 frá 2022. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.

### 12. grein Hæfi nefndarmanna

Um hæfi nefndarmanna í Menninga- og æskulýðsnefnd gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Um hæfi annarra sem sitja fundi Menningar- og æskulýðsnefndar gilda ákvæði II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

### 13. grein - Fundarsókn

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi Menningar- og æskulýðsnefndar nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns svo hægt verði að boða varamann hans á fund.

### 14. grein - Þagnarskylda

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

Nefndarmönnum er skylt að starfa eftir siðareglum kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

## V. Kafli - Gildistaka

### *11. grein - Gildistaka*

Erindisbréf þetta, sem byggir á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps nr. 415 frá 2022, tekur gildi við samþykkt þess af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Með samþykkt erindisbréf þessa fellur úr gildi eldra erindisbréf.

Samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps xx. xxxx xxxx.

Samþykkt á fundi Menningar- og æskulýðsnefndar xx. xxxx xxxx.